

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem hér eru ákveðnar, gilda frá 1. janúar 1982.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. febrúar 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

5. febrúar 1982.

Nr. 43.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 27. janúar s.l. staðfesti skipulagsstjórn ríkisins þá breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur að landnotkun spildunnar sem afmarkast af lóð Öskjuhlíðarskóla að sunnan, Hafnarfjarðarvegi að austan og Bústaðavegi að norðan u.þ.b. 1.6 ha að stærð, skuli í stað útivistar og stofnana framvegis ætluð undir íbúðarbyggingu.

Félagsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

8. febrúar 1982.

Nr. 44.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti er sýnir verndun vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu þ.e. í Reykjavík, Mosfellssveit, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Seltjarnarnesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964, hefur ráðherra þann 3. febrúar 1982 staðfest uppdrátt er sýnir verndun vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af viðkomandi sveitarsjónum og skipulagsstjórn ríkisins. Jafnframt er úr gildi felldur uppdráttur um verndun vatnsbóla sem staðfestur var af félagsmálaráðherra 28. febrúar 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.